

Reglurnar eru leiðarljós stjórnar og starfsmanna NTÍ, um þá siðferðislegu ábyrgð sem allir hlutaðeigandi hafa sammælt um að fylgja í orði og verki.

Reglurnar byggja á gildum sem ákveðið hefur verið að skulu vera ráðandi í öllum ákvörðunum stofnunarinnar.

Sanngirni

1. Við förum eftir lögum og reglum í hvívetna og sýnum jafnan viðskiptavinum okkar og hvert öðru sanngirni.
2. Við styðjumst við faglegar aðferðir, gefum þeim sem hlut eiga að máli tækifæri á að koma að sínum sjónarmiðum og rökstyðjum ákvarðanir okkar.
3. Við viðurkennum mistök þegar okkur verður á og gerum það sem í okkar valdi stendur til að leiðrétta þau.

Áreiðanleiki

4. Við leggjum áherslu á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð.
5. Við stöndum við gefin loforð, veitum áreiðanlega þjónustu og upplýsingar þannig að allar tímasetningar, dagsetningar, skipulag og væntingar standist.
6. Við gætum fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum okkar. Þess er gætt að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi.

Samvinna

7. Við leggjum okkur fram um að halda góðum starfsanda á vinnustaðnum. Hver og einn er meðvitaður um ábyrgð sína á sterkri liðsheild og gagnkvæmri virðingu. Við styðjum, hvetjum og hrósum hvert öðru.
8. Við byggjum öll samskipti á gagnkvæmri virðingu, samvinnu og alúð.
9. Við leitum ráða þegar á þarf að halda og stuðlum að góðri samvinnu við samstarfsaðila stofnunarinnar með jákvæðum samskiptum og hreinskiptni.

Frumkvæði

10. Við höfum frumkvæði að úrlausn verkefna, jafnt forvarna og aðgerða í kjölfar náttúruhamfara.
11. Við stuðlum að framförum með reglubundnu mati á verklagi, þróun nýrra aðferða til úrlausna og þátttöku í rannsóknum.
12. Við erum framsækin, stuðlum að öflun og miðlun þekkingar og erum tilbúin til að leggja á okkur það sem þarf til að ná góðum árangri.

Forstjóri, starfsfólk og stjórnarmenn upplýsa um tengsl við aðila mála sem koma til afgreiðslu hjá NTÍ og víkja við vinnslu og ákvarðanatöku þeirra ef við á.

Siðareglur þessar eru unnar af stjórn og starfsfólki á sameiginlegum fundi 26. apríl 2013. Allir þátttakendur eru tilbúnir til að vinna eftir þeim.

Telji starfsmaður að brotið hafi verið gegn lögum og siðareglum þessum er honum rétt og skylt að taka það mál upp við forstjóra eða ef hann kys heldur, beint við stjórn. Um meðferð brota skv. framangreindu skal fara skv. reglum fjármálaráðuneytisins: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=e604d219-819d-11e6-80c8-005056bc217f>

Stjórn staðfesti siðareglurnar á fundi sínum 10.3.2022